

## **201. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.** **8. apríl 2011 kl. 8:30 á Austurvegi 56.**

Mætt: Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgeirsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

### **1. Stefnuþótun Sorpstöðvar Suðurlands.**

Stefnuþótun rædd. Samþykkt að taka þátt í kostnaði við umhverfismat við athafnasvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi. Fyrir liggur eftir viðræður við Sorpu að tekið er jákvætt í að skoða samstarfsmöguleika en frekari vinna á því sviði frestast á meðan innri stjórnýslu- og rekstrarúttekt fer fram á höfuðborgarsvæðinu. Núgildandi samningar við Sorpu gilda út árið 2012.

### **2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011.**

Framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Við endurskoðunina verði gert ráð fyrir lokun umhleðslustöðvar 1. júní. Gert verði ráð fyrir hallalausum rekstri frá 1. júní.

### **3. Magn af Suðurlandi 2010.**

Endurskoðun á tilteknum hlutum svæðisáætlunar stendur yfir. Framkvæmdastjóri mun safna saman gögnum um magn úrgangs og endurvinnanlegra efna sem féllu til á svæðinu árið 2010.

### **4. Eftirlitsskýrsla UST frá 17.12.2010.**

Framkvæmdastjóra falið sækja um undanþágu frá gassöfnun á Kirkjufeljuhjáleigu vegna úrgangs sem til féll eftir 16. júlí 2009 og þar til starfsemi lauk.

### **5. Orkugerðin.**

Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu fyrirtækisins. MAST hefur gert breytingar á reglum um vinnslu á nýtingu á fóðri og áburði úr lífrænum efnunum. Stjórn SOS harmar ef raunhæfir farvegir fyrir þessi efni séu teknir úr notkun án rökstuðnings.

### **6. Önnur mál**

Stefnt er að upplýsinga- og samráðsfundi allra aðildarsveitarfélaga þriðjudaginn 10. maí n.k, kl 16:00. Farið verður yfir: ársreikning, endurskoðaða fjárhagsáætlun, og stöðu mála hvað varðar framtíðaráform.

Næsti fundur ákveðinn 2. maí 2011, kl 10:00  
Fundi slitið kl 11:10